

Tillaga til þingsályktunar

um líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum.

Flm.: Árni Johnsen, Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson, Kjartan Ólafsson,
Björk Guðjónsdóttir, Grétar Mar Jónsson, Bjarni Harðarson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta nú þegar hefjast handa um líkantilraunir í líkanstöð Siglingastofnunar til að undirbúa gerð stórskipabryggju í Vestmannaeyjum. Kann- aðir verði þrír valkostir, norðan Eiðis, innan hafnar og utan hafnar í Skansfjöru gegnt Kletts- vík, en þessi þrjú svæði hafa verið til umfjöllunar hjá hafnarstjórn Vestmannaeyja. Mikilvægt er að reikna með a.m.k. tveggja skipa viðleguplássi eða um 500 m kanti.

Greinargerð.

Það liggur ljóst fyrir að á næstu árum verða þær breytingar á flutningaskipaflota Íslend- inga að skipin munu stækka og ef ekki verður byggður stórskipakantur í Vestmannaeyjum mun skapast stórkostlegur vandi í stærstu verstöð Íslands þar sem skip eru á ferðinni á öllum tímum sólarhrings til og frá Eyjum. Vestmannaeyjar sem eru með um 10% af öllum afla landsins yrðu hreinlega úr leik. Auk flutningaskipanna er mjög vaxandi umferð stærstu far- þegaskipa heims til Íslands og mikilvægt að þriðji mest sótti ferðamannastaður landsins hafi alla möguleika á þeim vettvangi.

Næsta kynslóð gámaskipa á Íslandi verður væntanlega byggð upp á 180–200 m löngum skipum og um 30 m breiðum og reikna þarf með a.m.k. 10 m djúpristu.

Siglingastofnun hefur að beiðni hafnarstjórnar Vestmannaeyja unnið frumathuganir á umræddum þremur valkostum, en mikilvægt er að mati flutningsmanna að öll hönnun og lík- antilraunir miði a.m.k. við tveggja skipa stórskipakant. Mikilvægt er að hraða líkantilraunum eins og kostur er því vinda þarf bráðan bug að því að byggja upp stórskipakant í Vestmanna- eyjum.

Stórskipakantur utan Eiðis er fýsilegasti kosturinn vegna nálægðarinnar við aðalhafna- svæði Vestmannaeyjahafnar og möguleika til landauka, en Skansfjara er einnig magnaður möguleiki þótt aðgengi inn á hafnarsvæðið sé þar ekki eins auðvelt. Stórskipakantur við Lönguna í Vestmannaeyjahöfn yrði við þröngar aðstæður og gæfi ekki mikið svigrúm til mannvirkjagerðar á landi auk þess að mikil höfuðsynd yrði að byggja að sjálfri Löngunni sem er náttúruþaradís í sjálfri Vestmannaeyjahöfn og magnað útivistarsvæði framtíðarinnar. Þar er nú eini staðurinn sem hafið kyssir rætur Heimakletts innan hafnar. Engu að síður er þetta valkostur því að skynsemin verður að ráða.

Miklir möguleikar eru á efnistöku í brimvarnar- og hafnargarða, en reikna má með að a.m.k. 500.000 rúmmetra þurfi í garða hvort sem er utan Eiðis eða til móts við Ystaklett. Möguleikarnir á efnistöku eru austur á Urðum í nýja hrauninu, vestur á Skönsum undir Klifi og svo sjálf hrauntungan sem teygir sig inn í miðjan Vestmannaeyjabæ, um 20 m þykk og þekur 93.000 fermetra, um 1,3 milljónir rúmmetrar að magni, en þessi möguleiki hefur ekki

verið ræddur hingað til. Þarna liggur mikið verðmæti bundið og örstutt að flytja það hvort sem er austur á Skansfjöru eða norður fyrir Eiði.

Um 250 stór flutningaskip og farþegaskip koma til Vestmannaeyja á ári þannig að segja má að skip af stærstu gerð séu þar nær daglega. Komur fiskiskipa af öllum stærðum skipta þúsundum í Vestmannaeyjahöfn á hverju ári.